

4. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2016-2017 1. febrúar 2016 kl. 13:15 – 14:15 í Hafnarskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Styrgerður H. Jóhannsdóttir

Mættir: Ingibjörg María Jónsdóttir, Matthildur Ásmundardóttir, Kristín Hermannsdóttir, Bergþór Ágústsdóttir, Inga Guðmundsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Aðalbjörg Baldvinsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Erna Gísladóttir og Styrgerður Jóhannsdóttir.

Dagskrá

1. **Breyting á aðalnámskrá grunnskóla, sbr. bréf frá Heimili og skóla**, sjá bréf sem skólaráði barst frá Heimili og skóla.

Samkvæmt þessu bréfi geta foreldrar sótt um að nemandi þurfi ekki að fara í 10. bekk ef hann fær A í samræmdum prófum í 9. bekk. Það að nemandi fái A í 9. bekk þýðir þó ekki að nemandi sé búinn að ljúka námsefni 10. Bekkjar og skv. skilaboðum til skóla frá Menntamálastofnun eru nemendur í 9. metnir út frá námsmatsviðmiðum 9. bekkjar, ekki 10. bekkjar.

Hugsanlega getur þetta valdið ruglingi í vor en það verður bara að koma í ljós. Þórgunnur hefur ekki miklar áhyggjur af að þetta verði eitthvað mál hér á Hornafirði, nemendur vilji almennt fylgja félagahópnum. Það þarf samt að opna meira umræðuna um þetta við lok 8. bekkjar eða í byrjun 9. bekkjar að benda foreldrum á það að ef börnum gengur mjög vel í skóla þá sé þetta möguleiki. Undir þessum lið var einnig rætt um aukna ásókn nemenda héðan í aðra framhaldsskóla en FAS strax að loknum grunnskóla. Ekki er ljóst af hverju þetta er að aukast, en ljóst að þessi þróun getur haft áhrif samfélagið hér og því mikilvægt að halda uppi áróðri fyrir FAS. Það er eðlilegt að einhverjir nemendur fari en það er líka mikilvægt að tala FAS upp og samfélagið okkar. Kristín kom með hugmynd um að nemendur í FAS hitti krakkana í Heppuskóla og spjalli við þá og segi þeim frá lífinu í FAS.

Örlítið umræða um einkunnir, eiga þær að vera í bókstöfum eða tölustöfum? Einkunnir þurfa að vera í bókstöfum við lok 10. Bekkjar en í öðrum árgöngum mega skólar ráða. Hér er lykilhæfnin t.d. alltaf í bókstöfum og einnig frammistöðumat. Enn skortir á eftirfylgni og ráðgjöf frá ráðuneytinu hvað þetta mál varðar.

2. **Frí hjá nemendum** – Skólaráði barst fyrirspurn um frí hjá nemendum eftir frétt um frí barna <http://www.ruv.is/frett/utanlandsferdir-barna-na-nyjum-haedum> - Gerð var grein fyrir stöðunni í Grunnskóla Hornafjarðar með tilliti til hvort nemendur séu meira í frí á einum tíma en öðrum. Þórgunnur lagði fyrir tölulegar upplýsingar um leyfi nemenda pr. dag það sem af er skólaárinu, töluvert er um leyfi í skólanum. Mjög margi voru í leyfi þegar Justin Bieber var á landinu, í kringum Berlínarferðina og mikil frí í kringum jólafrí. Oft eru líka miklar fjarvistir í

byrjun skóla og við lok skólaárs. Misjafnt er hvort foreldrar sinni námi barna sinna þegar þau eru í leyfi, og börn eru misjafnlega samviskusöm og þurfa mismikið fyrir náminu að hafa. Þórgunnur segir að leyfi séu að aukast og hafi hreinlega náð nýjum hæðum. Hugsanlega eru breytingar á atvinnulífinu að hafa þessi áhrif að einhverju leyti, foreldrar bundnari við vinna á sumrin.

Umræða um vetrarfrí í skólanum. Leyfin virðast dreifast nokkuð jafnt, engin ein vika þar sem leyfi eru fleiri. Íþróttiferðum hefur fjölgað hjá börnunum og hugsanlega nýta foreldrar ferðina og taka frí í kringum það. Það er einnig langt að sækja læknisþjónustu og ýmsa aðra þjónustu. Börnin missa oft af ýmsum verkefnum og þemavinnu þegar þau eru í frí, þó þau læri líka ýmislegt af því að vera með foreldrum sínum. Mikil frí hafa líka áhrif á þau börn sem eftir eru í skólanum. Umræður um hvort verið sé ala börn upp í því að bera ekki virðingu fyrir því að þeim ber að fara eftir reglum samfélagsins og þurfa að mæta hvort sem er í skóla eða vinnu. Ef þau venjast því að það er ekkert mál að fá frí þá verður heldur ekkert mál að fá sér frí í vinnunni.

Það er meira um frí á yngra stiginu en því eldra. Lítið sem hægt er að gera í þessu annað en að hvetja foreldra til að passa upp á þessu mál. Yfirleitt líka alltaf sömu börnin sem eru í frí, langflestir eru að standa sig vel og eru ekki að taka leyfi á skólatíma.

Þórgunnur ætlar að skoða breytingar á leyfum milli ára.

3. **Grænáninn – Loftlagsbreytingar** skólinn var í grænánáúttekt og fékk ágætis umsögn, sbr fylgiskjal. Töluverðar umræður hafa verið um umhverfismál í skólanum og áhrif loftlagsbreytinga á umhverfi okkar og umhverfisnefnd skólan hefur sett sér ný markmið. Spurning að fá fulltrúa frá umhverfisteymi skólans til að koma á næsta fund og gera grein fyrir markmiðum skólans.

Þórgunnur stingur upp á að fá fulltrúa frá umhverfisteymiinu til að koma á næsta fund til að útskýra þetta verkefni betur fyrir fundarmönnum þar sem þetta er henni mikið hjartans mál og okkur líka. Mikil vitundarvakning með hverju misseri sem líður. Tillagan samþykkt.

4. Önnur mál.

- a. **Peysur fyrir grunnskólanemendur** – Foreldrar í 9. bekk hafa tekið þetta mál að sér og nota sem fjáröflun fyrir Laugaferðina. Þetta mál er komið af stað, þeir sem tóku þetta að sér ætla að nota næsta viðtalsdag til að láta börnin í skólanum máta.
- b. **Spilakvöld** –
Búið að ræða við 10. bekk og það þarf að ræða líka við 9. bekk. Það tekur smá tíma að koma þessu á koppinn en engin ástæða til að ætla annað en að þetta geti orðið skemmtilegt og gengið vel. Oft mikið spilað í frímínútum í Heppuskóla og því ljóst að áhugi er fyrir hendi.
Búið er að ræða við Eyjólf í FAS og er hann mjög jákvæður fyrir þessu.
- c. Hornafjörður verður 120 ára á árinu og skólinn verður 10 ára. Bergljót spyr hvort þetta sé eitthvað sem skólinn ætlar að halda upp á. Spurning hvort bærinn ætli sér að gera eitthvað. Góð ábending sem hafa þarf í huga og skoða.
- d. Kristín spurði um bóndadagshefð skólans, hvort drengir/stúlkur hefðu hlaupið í kringum skólann, vegna mikillar umræðu um þessa hefð fyrir 2 árum. Einhver deyfð var yfir þessari stemningu í ár. Hugsanlega er það afleiðing neikvæðrar umræðu.
- e. Rætt um fundartímann því Hildi hentar þessi tími ekki. Hinum hentar þessi tími hinsvegar ágætlega og ákveðið að breyta ekki tímanum úr því sem komið er.

Fundargerð ritaði Styrgerður